

Náttúrusafn Kópavogs

Safnastarf 2026





Nýjar áherslur í starfi Náttúrusafnsins

Náttúrusafn Kópavogs hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga á síðastliðnum tveimur árum og endurmótað starfsemi sem viðurkennt safn á sviði náttúruvísinda.

Safnið opnaði nýja grunnsýningu vorið 2024, hefur endurmótað fræðslustarf sitt og vinnur að vönduðu faglegu safnastarfi sem skapar tengingu milli safneignar, sýningar, fræðslu og miðlunar. Leiðarstef í endurmótuðu safnastarfi er að kenna náttúrulæsi og bjóða upp á þverfaglega nálgun á náttúruna þar sem skapandi greinar og vísindi mætast.

Í endurmótaðri starfsemi safnsins er lögð áhersla á að styrkja stöðu safnsins sem viðurkennt safn á sviði náttúruvísinda, að efla miðlunarhlutverk safnsins og styrkja samspil innra og ytra safnastarfs.

Unnið hefur verið að því að styrkja safnið sem vettvang til að kynnast náttúru landsins í gegnum grunnsýningu, fræðslu, viðburði og miðlun með það að marki að stuðla að auknu náttúrulæsi.



Miðlun í kjarna starfsemi safnsins

Fagleg starfsemi Náttúrusafnsins snýst öðru fremur um miðlun, sér í lagi til barna, og gera náttúru og vísindi aðgengileg og áhugaverð fyrir fólk á öllum aldri. Safnið stendur fyrir fræðslu sem miðar að því að auka vísinda og náttúrulæsi og hvetja börn til forvitni og rannsókna.

Með opnun nýrrar grunnsýningar safnsins árið 2024 hefur Náttúrusafnið styrkt stöðu sína sem aðgengilegt og alþýðlegt fræðslusafn sem talar jafnt til barna, ungmenna og fullorðinna.

Safnið hefur endurmótað fræðslustarf sitt út frá nýrri grunnsýningu og í gegnum þverfaglegt samstarf við Gerðarsafn. Samstarfið hófst með öndvegisverkefninu Náttúran séð í gegnum linsu myndlistar sem söfnin hafa unnið að frá árinu 2023 og má segja að það hafi slegið nýjan tón í fræðslu- og miðlunarstarf stofnunarinnar.



Nýtt heiti: Náttúrusafn Kópavogs

Fyrri heiti safnsins, Náttúrufræðistofa Kópavogs, var ekki lýsandi fyrir starfsemi safnsins. Nýtt nafn var kynnt í nóvember 2025 með opnun tveggja nýrra smásýninga á safninu.

Safnið rímar við starfsemi safnsins, sem fræðlusafn sem leggur áherslu á aðgengilega og alþýðlega nálgun á náttúruna og vísindi. Nafnið fellur að stöðu þess sem viðurkennt safn sem ber með sér samfélagslegar skyldur á við fræðslu, opinn aðgang og tengingu við nærsamfélag sitt. Safnið er með mikla áherslu á fræðslu og að færa náttúruna, náttúrufræði og vísindi af stalli og nær almennum gestum. Safnið sinnir einnig mikilvægu innra starfi við skráningu, umönnun og forvörslu safngripa og er því þörf á að að heitið feli í sér „safn“.




Grunnsýning sem þróast og breytist

Grunnsýning safnsins Brot úr ævi jarðar var opnuð 11. maí 2024. Líkt og náttúran mun sýningin halda áfram að þróast og breytast með tímanum - jafnvel með óvæntum stökkbreytingum - og nóvember 2025 bættust við tvær smásýningar sem mynda langtímaframhald grunnsýningarinnar.

Kraftar náttúrunnar fjallar um jarðfræðilega krafta sem móta Ísland: eldgos, gliðnun og jökla. Þar er stórt landslagsmódel sem sýnir þverskurð jarðskorpunnar og gerir gestum kleift að skoða innri virkni jarðar. Innbyggð í módelið eru sýnishorn af bergtegundum sem tengjast hverju ferli, sem gerir landmótun sýnilega og ápreifanlega.

Fjársjóður í flæðarmálinu byggir á skeljasafni Jóns Bogasonar og veitir gestum innsýn í fjölbreyttan heim lindýra. Þar er farið yfir uppruna, þróun og vistfræði lindýra með sérstakri áherslu á tegundir sem finnast í fjörum Íslands. Einnig er gerð grein fyrir ævistarfi Jóns, safnarans sem átti stóran þátt í að leggja grunn að safninu, og listræn hugsjón hans er höfð að leiðarljósi í framsetningu.



Myndlist og náttúra

Myndlist og náttúra er samstarfsverkefni Gerðarsafns og Náttúrusafnsins þar sem börn fá tækifæri til að uppgötva og rannsaka náttúruna í gegnum töl náttúrufræða og myndlistar.

Verkefnið byggir á þeim grunni að list og náttúruvísindi séu ekki ólíkar greinar heldur skyld tungumál til að öðlast skilning og túlka heiminn. Í gegnum samstarfið eru börn hvött til að veita nærumhverfinu athygli sem listamenn og vísindamenn í senn.

Verkefnið nýtir styrkleika hvors safns: sérfræðipekkingu í náttúruvísindum og myndlist, vinnur markvisst út frá aðalnámskrá og opnar sameiginlegt rými samtals þar sem fræðileg þekking og listræn túlkun mætast í verklegum smiðjum og vettvangsverkefnum. Með þessari aðferðafræði hefur samstarfið getið af sér fimm fjölbreytt verkefni og skapandi nálgun í náttúrufræðikennslu, sem eiga að henta í list- og náttúrufræðikennslu í skólum jafnt sem söfnum.

Verkefnið hefur verið þróað undir stjórn Huldu Margrétar Birkisdóttur verkefnastjóra fræðslu hjá Náttúrusafninu og Þorgerðar Þórhallsdóttur hjá Gerðarsafni.



Vísindaskólinn

Vísindaskólinn hóf starfsemi haustið 2024 og hélt áfram með styrk sem veittur var af safnaráði apríl 2025. Námskeiðin og viðburðir ársins hlutu afar góðar undirtektir og vakti starfsemi Vísindaskólans mikla lukku.

Námskeið

Í Vísindaskóli Náttúrusafns Kópavogs voru haldin tvö vikulöng sumarnámskeið þar sem samtals 36 börn tóku þátt í hvorri viku. Námskeiðin voru vettvangsnámskeið í vistfræði þar sem nýtt viðfangsefni var tekið fyrir á hverjum degi. Fjallað var meðal annars um gróður, skordýr, fugla, veður og fjöruna. Sérfræðingar komu daglega og leiddu fræðslu, og þegar veður var til umfjöllunar var farið í sérstaka heimsókn á Veðurstofu Íslands.

Opnir viðburðir

Fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði var boðið upp á fræðslusmiðjur fyrir forvitna krakka á aldrinum 8–12 ára, og voru þær mjög vel sóttar af börnum og fjölskyldum. Alls voru haldnir tíu slíkir viðburðir á árinu sem voru sótt af 244 gestum.



Hvað er?

Hvað er? erindaröðin er framlag Náttúrusafnsins í Menningu á miðvikudögum. Markhópur viðburðanna er fullorðið fólk sem hefur áhuga og vill fræðast frekar um náttúru og umhverfi.

Erindin eru í formi hálf tíma hádegisfyrirlestra. Þar fáum við til okkar sérfræðinga til að skýra hin ýmsu hugtök úr heimi Náttúruvísindanna á aðgengilegan máta. Erindin hafa verið fjölbreytt og fengið góðar viðtökur, en viðfangsefnið sem gestir safnsins hafa geta glöggvað sig í gegnum erindin eru grænþvottur, loftmengun, mold, hvað er að vera náttúruvársérfræðingur, Carbflix, líffræðileg fjölbreytni, jarðvegsmengun, uglur, náttúruvernd, flokkun, endurheimt votlendis, garðfuglar og framvinda jarðfræðirannsóknna í Surtsey.

Viðburðirnir eru árlega alls 13 og sóttu 480 manns í heildina röðina árið 2025.

Aukinn stuðningur sjóða


Safnið hefur hlotið mjög góða styrki á þeim tíma sem er liðinn frá endurmótun. Náttúrufræðistofa og Gerðarsafn hlutu öndvegisstyrk frá Safnasjóði fyrir Myndlist og náttúru 2024-2026, 10 millj í heildina.

Árið 2025 hlaut safnið 5 milljónir í styrki frá safnasjóði fyrir Vísindaskólanum og óvæntum uppbrotum í grunnsýningu safnsins.

Nú árið 2026 hlaut safnið þriggja ára öndvegisstyrk að heild 7,5 milljónir fyrir borgarvísindum, sem tvinnna saman fræðslu, tengingu við nærsamfélagið og kortlagningu á náttúru Kópavogs. Auk þess styrks hlaut safnið 3.500.000 frá Safnasjóði fyrir verkefni Tilraunasafnið og skráningarátak á safneign Náttúrusafnsins.



GESTAFJÖLDI Í NÁTTÚRUSAFNINU



Stóraukin aðsókn

Með endurmótun starfsemi Náttúrusafnsins með nýrri grunnsýningu, aukinni áherslu á fræðslu og metnaði í viðburðum og miðlun hefur aðsókn á safnið stóraukist frá enduopnun.

Fjöldi gesta á mánuði var að jafnaði 1650 á árunum 2022-2023. Gestafjöldi á mánuði frá enduopnun í maí 2024 var 5800 gestir, á árinu 2025 stökk sú tala upp í 6.800 gesti.

Skólaheimsóknir hafa rokið upp eftir enduopnun og hafa 3849 börn komið í skólaheimsóknum árið 2024. Á árinu 2025 varð enn frekari aukning á skólahópum og tók safnið á móti 5.064 börnum í 232 hópum í heimsókn.